



Reykjavík, 18. janúar 2019
Fundargerð 178. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 18. janúar 2019 var haldinn 178. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Rósa Guðbjartsdóttir og Ásgerður Halldórsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Starfsáætlun stjórnar

Í starfsreglum stjórnar, greinum 5.1 og 10.3, kemur fram að stjórnarformaður eigi að leggja fram starfsáætlun fyrir stjórnina í upphafi hvers árs.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfsáætlun stjórnar SHS 2019, dags. 18. janúar 2019.

Afgreiðsla: Starfsáætlun stjórnar SHS 2019 samþykkt.

2. Árlegt árangursmat á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra

Í starfsreglum stjórnar, greinum 12.1 t.o.m. 12.4, kemur fram að telji stjórnarformaður eða einstaka stjórnarmaður ástæðu til þess að störf, verklag, starfshættir eða frammistaða stjórnarformanns, einstakra stjórnarmanna eða slökkviliðsstjóra séu metin sérstaklega, skuli leitað til utanaðkomandi aðila til þess að framkvæma slíkt mat.

Afgreiðsla: Ákveðið að fara í árangursmat í upphafi næsta árs.

3. Búseta í atvinnuhúsnæði

Farið yfir málefnið búseta fólks í atvinnuhúsnæði. Slökkviliðsstjóri fór yfir verklag SHS vegna þess.

Afgreiðsla: Kynning. Slökkviliðsstjóri mun fara yfir verklagið, samvinnu við sveitarfélögin og koma með tillögu að næstu skrefum

4. Bruni á Hvaleyrarbraut

Varaslökkviliðsstjóri fór yfir aðgerðir slökkviliðsins við stórbruna sem varð að Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði þann 18. nóvember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5. Önnur mál

5.1. Bruni í Eddufelli.

Afgreiðsla: Kynning.

5.2. Jarðskjálfti á Hellisheiði 30.12.2018

Eftirfarandi lagt fram:

- Tölvupóstur til Almanna- og Almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins v. jarðskjálfta á Hellisheiði, dags. 30. desember 2018.

Afgreiðsla: Kynning.

5.3. Æfing neyðarstjórna sveitarfélaga

Gert er ráð fyrir að haldnar séu æfingar fyrir neyðarstjórnir sveitarfélaga annað hvert ár. Þar sem það var haldin æfing 2017 er komið að því á þessu ári, 2019. Hugmynd að æfingu liggur fyrir og er lagt til að hún verði lögð fyrir á fundi almanna- og Almannavarnarnefndar sem er fyrirhugaður 15. febrúar n.k.

Afgreiðsla: Samþykkt að leggja hugmyndina fyrir fund almanna- og Almannavarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Fundi slitið klukkan 09:30.

Næsti fundur verður föstudaginn 15. febrúar 2019.

Fylgiskjöl:

- Starfsáætlun stjórnar SHS 2019, dags. 18. janúar 2019.
- Tp. til Almanna- og Almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins v. jarðskjálfta á Hellisheiði, dags. 30. desember 2018.

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Gunnar Einarsson

Haraldur Sverrisson

Rósa Guðbjartsdóttir